



Vigdís Finnbogadóttir „Ég nýt þess að taka til hendinni enda er ég á mjög góðum járnnum“


Þetta vil ég sjá

Aðalheiður Valgeirsdóttir, Ásgerður Búadóttir, Guðmunda Andrésdóttir, Hafdís Ólafsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Inga Ragnarsdóttir, Karólína Lárusdóttir, Kristín Ísleifsdóttir, Kristjana Samper, Louisa Matthíasdóttir, Messíana Tómasdóttir, Olga Bergmann, Ráðhildur Ingadóttir, Rúna og Sigrún Eldjárn. Allar eiga þessar listakonur sameiginlegt að vera á sýningu sem Vigdís Finnbogadóttir fyrirverandi forseti, hefur valið verk á og verður opnuð í dag kl. 16.00 í Gerðubergi. Sýningin heitir Þetta vil ég sjá.

„Mér var mikill vandi á höndum þegar ég valdi verk á sýninguna vegna þess að ég á svo margar uppáhalds listakonur á Íslandi,“ sagði Vigdís þegar við náðum sambandi við hana símleiðis í fyrirkvöld. Og hún hélt áfram: „Ég hefði þurft að hafa miklu stærra rými ef ég hefði átt að fá að sjá allt sem mig langar að sjá og miðla til þeirra sem eru samtíða mér í þjóðfélaginu. En ég varð að draga línur einhversstaðar.“



Kristín Ísleifsdóttir sýnir brunn með málsháttum sem byrja allir á „ekki“ og „enginn“, t.d. „ekki er hægt gamlan að ginna“ og „ekki eru allir haltir sem hinkra“. Kristín segir hnattformið hafa verið sér hugstætt um skeið, kannski vegna aldamótanna. Einnig upplýsir hún að málshættir hafi verið hennar uppáhald síðan hún erfði gamlar málsháttabækur fyrir nokkrum árum. Þetta hvorutveggja hafi orðið kveikjan að viskubrunninum í Gerðubergi.



Messíana Tómasdóttir leikmyndahöfundur sýnir myndir, grímur, brúður, búning og módel úr óperuleiknum Maður lifandi sem sýndur var í Borgarleikhúsinu í júní sl.

- Hvað ræði vali þínu?

„Ég þekki þessar konur allar persónulega sem þarna sýna og þær hafa allar staðið nálægt mér á einhverju tímabili í lífi mínu. Ungu konurnar eru annað hvort tengdar mér fjölskylduböndum eða vinkonur mínar og svo verður að teljast eðlilegt að ég þekki vel eldri konurnar!“

Ég þekki auðvitað persónulega margar fleiri listakonur sem standa kannski ekki alveg eins nærri mér en mér þykir ákaflega vænt um. Þar á meðal eru til dæmis konur sem ég var með í sumar þegar þær sýndu í Sívala-

turninum í Kaupmannahöfn. Þær hefði ég gjarnan vilja hafa með því við unnum fallega saman. En Gerðuberg tekur ekki í það óendanlega.“

Eins fjölbreytt og manns - hugurinn getur verið

- Eiga verkin á sýningunni eitt-hvað sameiginlegt annað en að vera unnin af konum?

„Það skemmtilega við þessa sýningu er að hún er eins fjölbreytt og mannshugurinn getur verið. Það er nefnilega gamla sagan að hver syngur með sínu nefi og allar eru þær konur mjög lagvissar sem þarna upphesja sinn róm.“

- Ertu búin að sjá öll verkin?

„Nei, ég valdi bara listakonurnar og þær völdu verkin. Þetta eru svo finar listakonur að ég treysti þeim fullkomlega til að velja góð verk.“

- En af hverju bara konur?

„Við komum okkur saman um það, ég og skipuleggjendur sýningarinnar að hafa þann hátt á. Mér finnst það mjög sniðugt. Eflaust verður einhver karl í þessu hlutverki sem velur bara karla.“

- Heldurðu að íslenskir karlar séu ekkert sárir við þig núna?

„Nei, nei, þeir vita ósköp vel hvað ég held miknið upp á þá. En ef ég yrði beðin um svona aftur þá mundi ég hafa glæsilega blöndu listaverka eftir bæði kyn.“

Danir kunna að meta Kjarval

- Varstu ekki að opna málverka-sýningu eftir okkar frægasta karlkyns listmálara þarna ytra?

„Jú, ég var að koma frá því að opna sýningu á meistara Kjarval hér í Kaupmannahöfn á virðulegum sýningarstað sem heitir Gamle Holtegaard. Þeir fengu þessa hugmynd að efna til Kjarvalssýningar og hún er svo sannarlega glæsileg. Það var fullt út úr dyrum við opnunina og gaman að sjá hvernig Kjarval hreif mannskapinn.“

- Þú staldrar ekki lengi við heima að þessu sinni. Eru mörg verkefni sem hvíla á þér?

„Já, til allrar hamingju. Ég nýt þess að taka til hendinni enda er ég á mjög góðum járnnum.“

GUN.

LEIKFÉLAG
REYKJAVÍKUR

BORGARLEIKHÚSIÐ

ATHUGIÐ
BREYTTAN
SÝNINGARTÍMA UM
HELGAR

Stóra svið:

Bláa herbergið

eftir David Hare, byggt á
verki Arthurs Schnitzler,
Reigen (La Ronde)
Sun 30/01 kl. 19:00

Litla hryllingsbúðin

Lau 15/01 kl. 19:00

Örfá sæti laus

Lau 22/01 kl. 19:00

Sex í sveit

Mið 26/01 kl. 20:00

Litla svið

Afaspil

Höfundur og leikstjóri: Örn
Árnason

Leikarar: Edda
Björgvinsdóttir, Valur Freyr
Einarsson, Halldór
Gylfason, Hildigunnur
Práinsdóttir og Örn
Árnason

Leikmynd og búningar:

Þórunn María Jónsdóttir

Lýsing: Kári Gíslason

Undirleikari: Kjartan

Valdimarsson

6 sýn sun 16/01 kl. 14:00

Örfá sæti laus

7 sýn sun 23/01 kl. 14:00

nokkur sæti laus

Litla svið:

Fegurðadrottningin frá Línakri

eftir Martin McDonagh
fim 27/01 kl. 20:00

Örfá sæti laus

SÝNINGUM FER

FÆKKANDI

Leitin að

vísbendingu um vitsmunalíf í alheiminum

Eftir Jane Wagner

Lau 15/01 kl. 19:00

nokkur sæti laus

Föst 21/01 kl. 19:00

nokkur sæti laus

Lau 22/01 kl. 19:00

uppselt

Miðasalan er opin virka daga frá
kl. 12-18, frá kl. 13

laugardaga og sunnudaga
og fram að
sýningu sýningardaga

Sím pantanir virka daga frá kl. 10

Greiðslukortapjónusta

Sími 568 8000 Fax 568 0383



Miðasala: 462-1400



„Blessuð jólin“,

- eftir Arnmund Backman.

Leikarar: Aðalsteinn Bergdal,
Arndís Hrönn Egilsdóttir, Árni
Tryggvason, Anna Gunnis
Guðmundsdóttir, María Pálsdóttir,
Saga Jónsdóttir, Sunna Borg,
Sigurður Karlsson, Snæbjörn
Bergmann Bragason, Vilhjálmur
Bergmann Bragason, Þórhallur
Guðmundsson, Þráinn Karlsson.

Leikmynd og búningar: Hlín

Gunnarsdóttir

Ljósahönnun: Ingvar Björnsson

Hljóðstjórn: Kristján Edelstein

Leikstjóri: Hlín Agnarsdóttir

NÆSTU SÝNINGAR

föstud. 14. janúar kl. 20.00

laugard. 15. janúar kl. 16.00

laugard. 15. janúar kl. 20.00

föstud. 21. janúar kl. 20.00

laugard. 22. janúar kl. 16.00

laugard. 22. janúar kl. 20.00

föstud. 28. janúar kl. 20.00

laugard. 29. janúar kl. 20.00



GJAFAKORT - GJAFAKORT

Einstaklingar, fyrirtæki
og stofnanir.

Munið gjafakortin
okkar

- frábær tækifærisgjöf!



Miðasalan opin alla virka daga
frá kl. 13:00-17:00 og fram að
sýningu, sýningardaga.

Sími 462 1400.

www.leikfelag.is